



## 422. Stjórnarfundur haldinn 12. des. 2013 kl:17:30

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson, (ÞMK)  
Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).  
Sveinn Adolfsson og Guðjón Axelsson fjarverandi.

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Bréf frá VÍS v/staðfestingar á heimild til vörslu og sölu flugelda.

Bréf frá ÍRB v/íþróttamanna og Íslandsmeistara Reykjanesbæjar 2013.

Erindisbréf frá UMFÍ v/setu EH í Felixnefnd.

Erindi frá knattspyrnudeild Keflavíkur v/framlengingar á yfirdrætti mfl.kv. til eins árs.

***Samþykkt að veita knattspyrnudeild Keflavíkur (mfl. kvenna kt: 650210570) heimild til framlengingar á yfirdrætti í Landsbanka Íslands allt að einni milljón króna (1.000.000-kr.) til 15. desember 2014.***

Tölvupóstur frá Sigurvini Guðfinnssyni ritara aðalstjórnar v/endurnýjunar á umboði til aðalstjórnar Keflavíkur. ***Sigurvin gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.***

Bréf frá UMFÍ v/umsóknar aðalstjórnar og blakdeildar í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ. ***Aðalstjórn fékk úthlutað 80.000 krónum og blakdeild 100.000. krónur.***

### 3. Send bréf.

Bréf sent á Arnar Már Jónsson v/ábendingar um ógreidda kröfu á lóðarleigu 2013.

### 4. Jólblað Keflavíkur.

Búið að dreifa jólblaði félagsins í Reykjanesbæ. Galli kom upp í blaðinu en miðopnan vill losna. EH sagði frá því að hann hefði fengið kvartanir vegna þess. EH hafði samband við Staparent sem sér um umbrot á blaðinu, en Ísafold sér um að prenta blaðið. Ísafold býðst til að endurprenta blaðið eða lækka reikninginn. ***Ákveðið að eiga inni hjá þeim viðskiptavild til lækkunar á næstu prentun.***

### 5. Íþróttamenn Keflavíkur.

Farið var yfir tilnefningar deilda á íþróttakarli og íþróttakonu Keflavíkur 2013. ***Aðalstjórn hefur valið Ástrósu Brynjarsdóttur og Kristmund Gíslason íþróttakonu- og karl Keflavíkur 2013.***

Hóf verður haldið 30. desember kl. 20:00 í félagsheimili Keflavíkur þar sem tilkynnt verður um val á okkar íþróttafólki. Samkaup gefur farandgripina og eignagripina.

***Framkvæmdastjóra falið að undirbúa hófið með sama sniði og undanfarin ár.***

### 7. Önnur mál.

Engin önnur mál

Næsti fundur er á fimmtudaginn 9. janúar 2014.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:45

Fundinn ritaði SG

